

„Jón þú kemst ekkert áfram á fíflagangi og kjaftavaðli“



Guði sé lof að Jón Gnarr lét ekki hugmyndir annarra aftra sér frá því að hafa trú á því að hann gæti orðið sá sem hann langaði til að verða. Það er án vafa glíma sem hver og einn ADHD einstaklingur hefur þurft að glíma við. Hver er ég og hvað hef ég fram að færa?

Innrammaður í peningamálum

Jón Gnarr hefur komið sér upp ströngum ramma í kringum peningamálin til að hafa meiri stjórn á þeim. „Ég hef horfst í augu stjórnleysi mitt í peningamálum. Þó að ég hafi verið að skrifa pistla um fjármál í Viðskipta- blaðið hef ég ekkert vit í fjármálum og myndi aldrei treysta mér einum fyrir þeim.

Ég tek engar fjárhagslegar ákvarðanir yfir 5.000 krónum án þess að ræða það við konuna mína. Þegar ég hef verið að gera plön þar sem fjárhagsleg útgjöld koma við sögu hef ég jafnvel ekki gert ráð fyrir þeim. Það hefur verið algert aukaatriði. Ég hef keypt alls konar þvælu og vitleysu og hefur það komið mér í vandræði. Ég

hef tekið þá stefnu að hætta að nota Visakort því það hentar mér ekki.“

Bankinn og ég

Jón segir farir sínar ekki sléttar varðandi bankamálin.

„Ég á í miklum erfiðleikum með bankann. Þótt ég sé kominn út úr stjórnleysisinu sem ég var í lendi ég í erfiðleikum. Ég gat notað minnislykilinn fyrir netbankann sem ég fékk sendan heim frá bankanum í mánuð. Ég þurfti að breyta lykilorðinu reglulega en fljótlega gleymdi ég því svo ég gat ekki notað hann. Ófanálag er ég búinn að týna honum, ég setti hann á góðan stað sem ég veit ekki hver er. Netbanki er eitthvað sem ég er búinn að afskrifa,“ segir hann hlæjandi. „Til að sinna bankaviðskiptum verð ég að fara í bankann í dag.“

Tölur eiga það til að breytast!

Tölur geta verið Jóni erfiðar og ruglað hann í ríminu og oft verður skemmtileg útkoma!

„Það er alveg fáránlegt hvað ég á erfitt með tölur. Það getur valdið

erfiðleikum. Þegar ég hringi í 118 get ég ómögulega munað símanúmerið sem ég er að biðja um. Þegar ég legg símtólið á er ég búinn að gleyma númerinu. Þannig að ég verð að skrifa það niður, að þegar ég fer inná reikninginn minn til að skoða stöðuna rugla ég í tölunum. Segjum að ég eigi 385.000 á reikningnum. Ég verð að skrifa það niður því að það er svo skrítið að augnabliki síðar gæti mér fundist það vera 538.000 eða 583.000 eða jafnvel 853.000. Og stundum tel ég mig eiga mikið meira eða mikið minna en ég á í raun og veru – ef ég skrifa það ekki niður. Fjármál geta því verið ruglingsleg fyrir mér.“

Trúariðkun

Jón leggur áherslu á trúariðkun sína og hefur hún hjálpað honum.

„Ég hef öðlast meira jafnvægi heldur en nokkurn tímann áður og hefur trúariðkun hjálpað mér mjög mikið. Það að eiga trú á Guð og að hafa ákveðin æðri gildi eða boðorð hefur hjálpað mér mikið. Trúin er ákveðið akkeri og gefur mér stöðugleika.

Varðandi trú og trúariðkun þá er ég mjög opinn fyrir því af „praktískum“ ástæðum. Það má segja að ég sé trúaður af eigingjörnum ástæðum.“

Spilakeningin – eigingjörn samskipti

John Nass, bandaríski stærðfræðingurinn sem myndin Beautiful Mind fjallaði um, vann með svokallaða Leikjafræði eða Game theory. Hún fjallar meðal annars um samskipti.

„Hann segir að samskipti fólks séu eins og Póker. Það er að segja að allir séu að reyna að blöffa og vilja ekki að andstæðingurinn sjái sín spil og andstæðingurinn gerir eins. Báðir aðilar eru reknir áfram af eigingirni, báðir vilja ná hluta af pottinum. Þetta er svona svipað og vígbúnaðarkapphlaupið á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Báðir reyndu að blekkja hversu mikið þeir áttu af vopnum. Þetta er mjög „lógísk“ hugmyndafræði í samskiptum, það er að segja að treysta ekki fólki. En á móti gerir þessi hugmyndafræði það að verkum að maður einangrast og nær engu sambandi við fólk. Ég lifði þessa hugmyndafræði bæði í mínu einkalífi og í vinnu.

Ég einangraðist, varð þreyttur og fékk nóg. Ákvað að hætta þessum leikjum.“

Er fólk fífl eða ég?

Oft þurfum við að skoða okkur sjálf og breyta hlutum í okkar fari.

„Ég endurskoðaði samskipti mín við fólk. Fór að vanda mig í samskiptum, sýna meiri virðingu. Hætti að sjá fólk sem hugsanlega andstæðinga og fór í staðinn að sjá fólk sem hugsanlega vini. Þetta hefur breytt afstöðu minni til lífsins.

Ég fór að sýna tillitsemi og umburðarlyndi í umferðinni og keyra fallega.

Ég hef í gegnum tíðina meitt fólk með gríni. Ég leit á fólk sem óvini mína en ég varð að breyta því. Það sem ég komst að raun um var að fólk var trausts míns vert. Ég leit oft á að fólk væri fífl, að allir væru eigingjarnir og vitlausir og að í flestum tilfellum myndi fólk bregðast. Reynsla mín hef-

ursýnt í seinni tíð að flest fólk er nokkuð gott og vill gera vel og vanda sig. Ef ég ætla að umgangast fólk verð ég að tileinka mér jákvæða afstöðu til þess. Svona svolítið svipað og að ef þú ætlar að búa á Íslandi verður þú að tileinka þér jákvætt hugarfar til veðurs.

Ég hef breytt afstöðu minni til stjórnmála. Ég kys fólk en ekki flokka.

Þegar ég sé fólk þá þarf ég ekki að horfa nema í þrjátíu sekúndur til að ákveða hvort mér líkar við hann eða ekki.

Það lifa margir lífnu eins og þeir séu að spila póker. Fólksótti getur leitt til geðveiki. Og John Nass fór ansi djúpt inn í geðveikina.“

Skólakerfið er eins og herþjónusta

Jón hefur gert upp hug sinn til skólakerfisins.

„Það kennir þér ákveðin gildi sem þú mátt aldrei efast um. Þú mátt aldrei efast um mikilvægi þess að kunna dönsku. Það er ekki til umræðu, þetta eru reglur sem þú hlýðir. Þeir sem stunda vel kjarnafögin sem eru grundvallarstoðir skólakerfisins hljóta umbun, beina og óbeina. Velþóknun leiðbeinanda – þeir sýna þér velþóknun, hrós. Þeir sem á einhvern hátt vilja ekki eða geta ekki tileinkað sér námið mæta afgangi. Stuðningskennsla fellur niður vegna veikinda starfsfólks eða tímaleysis. Það segir manni að þetta er bara hlutur sem mætir afgangi.

Grunnfög eins og stærðfræði ganga fyrir og tekst vel að fylla upp í vöntun á kennurum þar. Mér finnst miskunnarlaust hvernig farið er að því að aðgreina þá sem geta tileinkað sér og þá sem geta ekki tileinkað sér. Verið er að búa til einstaklinga sem vert er að veðja á fyrir samfélagið. Maðurinn með dönskuna, stærðfræðina og íslenskuna á og sýnir að hann er „player“ hann spilar með og er góður hermaður.“

Jón þú munt aldrei verða...

„Ég var í opnum skóla, Fossvogsskóla. Auðvitað tekur maður til sín það sem

að sagt er við mann í skóla hvort sem það er jákvætt eða neikvætt. Það var sagt við mig mjög snemma að ég ætti að verða leikari og rithöfundur. Mér fannst það gaman. Mig langaði mjög ungur til þess að verða bæði. Ég sá fyrir mér að í framtíðinni væri ég að skapa hugmyndir því að þær sköpuðust sjálfkrafa í hausnum á mér. Ég gat matreitt hugmyndir sem voru ýmist myndnar og athyglisverðar en ég vissi ekki með hvaða hætti ég gæti notað þær. Kennarar sögðu við mig alla barnaskólagöngu mína: „Þú kemst aldrei neitt áfram á kjaftavaðli Jón. Jón, þú munt aldrei ná árangri í lífnu með fíflgangi.“ Þetta var kolrangt. Ég hef náð árangri í lífnu með þessu tvennu; kjaftavaðli og fíflgangi.

Mig langaði ekki til að læra stærðfræði, sá ekki samhengi í að vera skapandi rithöfundur og leikari og það að kunna margföldunartöfluna. Það var svo margt annað sem mig langaði til að læra og gera. Mig langaði strax sem krakki að prófa hluti sem ég gæti sagt frá þegar ég væri fullorðinn. Eins og ég sagði áðan þá er skólakerfið eins og her. Þú klifrar upp metorðastigann inn í hernum. Herinn sér um að tryggja ákveðið jafnvægi það er að segja, þú verður ekki liðþjálfari fyrr en að þú ert búinn að vera óbreyttur hermaður í ákveðinn tíma. Þú þarft að sanna þig. Hermenn sanna sig með því að verða hlýðnir fram í rauðan dauðann.

Mig langar ekki að læra dönsku – þú verður að læra dönsku. Af hverju þarf ég að læra dönsku? – Nú hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? – Ég ætla að verða leikari. – Þú þarft að klára samræmdu prófin til að verða leikari. – Af hverju? – Því að það eru reglurnar. Ég neyddi mig til að reyna að ná samræmdu prófunum en náði þeim reyndar ekki. Einhvern veginn var kerfið að reyna að stoppa mig. Ég fékk að vita mjög snemma að ég yrði aldrei leikari. Ég sótti um í leiklistarskólanum og komst ekki inn svo ég ákvað að gera þetta án kerfisins.

Hvatningarorð

„Ég vil hvetja fólk til að gera það sem það vill gera og trúir á. Treystu á innsæi þitt.

Fólk getur verið svo ótrúlega leiðinlegt. Það segir til dæmis að það að vera leikari sé ótryggt starf, maður fái aldrei neina vinnu. Ég vissi alltaf sjálfur innst inni að þetta væri ekki rétt. Ég vissi að ég myndi geta bjargað mér. Maður á að standa með löngunum sínum óháð því hvað aðrir segja. Ef það misheppnast þá so be it. Ég hef gert heimskulegri hluti en að reyna að fylgja eftir hlutum sem ég hef trú á. Gera stuttmynd. Setja upp leikrit, halda myndlistarsýningu og fylgja því eftir og trúa á það og láta áframhaldið sjá um sig sjálft.“

Veit hvað ég stend fyrir

Þrátt fyrir skólakerfi sem skildi hann ekki komst hann að niðurstöðu með hver hann var og hvað hann hafði fram að færa. Jón spyr sig að því hvort hafði hann rangt fyrir sér eða skólakerfið.

„Ég er mjög slakur í rökhugsun en svakalega góður í sköpun. Ég get gert hluti eins og myndina. Ég var einu sinni Nörd, er með fyrirlestra – ég bý til og skapa endalaust. Þar liggur minn styrkur. Sem hefur gert mig að því sem ég er í dag. Þetta er aftur á móti hæfileiki sem ég hef alla ævi verið að berjast fyrir að hafa en hefur aldrei verið neitt hátt skrifaður. Skólakerfið metur ekki sköpunargleði eða frumlega hugsun.“

Frá leiðinlega skólanum yfir í skemmtilega skólann

„Reglur sem eru settar eru ekki í neinu samhengi við alheimslögmál. Það er ekkert alheimslögmál sem segir að manneskja muni ekki ná árangri ef hún kann ekki dönsku eða margföldunartöfluna. Ég get fullyrt að ég hef lært meira af að horfa á sjónvarpið en ég gerði í barnaskóla. Ég hef lært hluti með því að horfa á sjónvarpið sem hafa komið mér meira að gagni heldur en það sem ég lærði í skóla. Árum saman lærði ég um þjóðskáldin okkar eins og

t.d. Tómas Guðmundsson. Eftir að ég útskrifaðist úr barnaskóla hefur Tómas Guðmundsson aldrei komið til umræðu í mínu lífi. Sjónvarpið hefur kennt mér hluti sem virkilega hafa komið mér að gagni. Jafnvel hluti sem hafa nýst mér mjög vel í lífi mínu. Ég sé fyrir mér að ef ég væri unglingur í dag þá væri ég líklegast á Wikipedia sem er alfræðiorðabók. Þar er hægt að fá upplýsingar um allt það sem þig langar að vita. Wikipedia er jafn mikilvægur skóli og skólakerfið er í dag.

Ég sé fyrir mér í framtíðinni að skólaganga væri fjölbreytileg. Að foreldrar og börn í samráði við kennara geti í sameiningu valið menntunarleið fyrir börnin sín. Að þetta væri bara frjálst. Að það væri ekki skólaskylda. Það eru ekki allir tilbúnir til að hefja nám 6 ára. Sumir vilja bara leika sér. Ég myndi vilja sjá skóla sem heitir Skemmtilegi skólinn þar sem krakkar kæmu og mættu gera nákvæmlega það sem þau vildu. Ég trúi á fjölbreytileika og einstaklingsfrelsi. Ég vil að einstaklingar hafi tækifæri til að sinna sínum hæfileikum óháð hvað öðrum finnst um þá. Trú mín er sú að Guð skapi fólk misjafnt í ákveðnum tilgangi. Það hefur rétt á því að sinna sinni ástríðu, hver sem hún er. Það er ekkert eins ósanngjarnt og að koma eins fram við þá sem eru ólíkir. Að koma eins fram við ólíkt fólk. Það er það sem skólakerfið gerir. Það er búið til eitthvað miðjunorm og öllum er troðið í það. Alveg nákvæmlega eins og her.

Ástæða þess að við höfum svo litla fjölbreytni í þjóðfélaginu er að það flækir málin. Fólk vill hafa þetta einfalt þannig að það sjálft hafi auðveldu vinnu. Höfum þetta einfalt, allir eru eins og klæða sig eins og allir gera það saman. Þannig fáum við þægilegt og hættulaust samfélag. Ég trúi því að fólk eigi að fá að njóta þess hvert það er í friði án þess að það sé eitthvað rangt. Að það sé álitid einhver frávik frá einhverju normi því að í raun og veru er normið ekki

til. Fólk er einstakt og allir hafa sín sérkenni. Ég vil að fólk fari að slaka á stjórnuninni þá býr fjölbreytnin til sínar eigin reglur.

Ég komst að þeirri pólitísku niðurstöðu að ég er kristilegur anarkisti sem merkir á íslensku stjórnleysi. Frelsi með ábyrgð eða jafnvægi. Frelsi án ábyrgðar er kaos.

Óeðlileg hegðun er oft eðlileg viðbrögð við eðlilegum aðstæðum. Óeðlilegu aðstæðurnar eru oft duldar þegar hegðunin verður auðsjáanleg. Ég er ekki að segja að það sé alltaf. En oft er vandamálið miklu stærra en einn einstaklingur. Það verður að skoða hann sem hluta af þeirri heild sem hann tilheyrir. Ég í Fossvogsskóla gekk ekki upp. Ef ég hefði verið í Skemmtilega skóla Reykjavíkur þá hefði ég brillerað. Ég hefði fengið að tala og vera fyndinn og skemmtilegur og fengið að segja sögur allan daginn og læra á hljóðfæri og setja upp leikrit. Ég hefði verið aðalkrakkinn í þeim skóla. Hvort var rangt skólinn eða ég? Þar sem ég er manneskja en skólinn ekki þá hallast ég að því að þeir hafi haft rangt fyrir sér.“

